

Sp.

703. Fyrirspurnir.

[275. mál]

- I. Til menntamálaráðherra um menntaskóla í Reykjaneskjördæmi.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

Hefur nefnd sú, er skipuð var til að athuga, hvar og hvenær stofnaðir skuli menntaskólar á þéttbýlissvæðum Reykjaneskjördæmis, samkvæmt ályktun Alþingis frá 5. apríl 1971, lokið störfum? Ef svo er, hverjar eru niðurstöður nefndarinnar?

- II. Til landbúnaðarráðherra um tilraunastöð Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á Akureyri.

Frá Ingvari Gíslasyni.

1. Er fyrirhugað að flytja tilraunastöð Rannsóknastofnunar landbúnaðarins frá Akureyri?
2. Ef svo er, hefur stöðinni verið ákveðinn nýr staður og séð fyrir nægu landrými?
3. Hver eru hugsanleg framtíðarafnot af gömlu Gróðrarstöðinni á Akureyri?

- III. Til forsætisráðherra um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

1. Hversu margir fermetrar er húsnæði, sem Framkvæmdastofnun ríkisins hefur tekið á leigu til frambúðar fyrir starfsemi stofnunarinnar?
2. Hve há er leigan á mánuði og hve háa fyrirframgreiðslu hefur verið samið um?
3. Hversu margt starfsfólk er við stofnunina, fastráðið og lausráðið?

- IV. Til sjávarútvegsráðherra um athugun á hrygningarsvæðum o. fl.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

1. Hafa athuganir farið fram á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar á þeim breytingum, sem orðið hafa á hrygningarsvæðunum við Suður- og Suðvesturland undanfarin tvö ár?
2. Ef svo er, hverjar eru niðurstöður þeirra athugana?
3. Hverjar eru niðurstöður af athugunum Hafrannsóknastofnunarinnar hin síðari ár á þorskstofninum hér við land?

- V. Til fjármálaráðherra um skattgreiðslu vísitölufjölskyldu.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hversu mikið greiddi á síðasta ári fjölskylda jafnstór þeirri, sem vísitala framfærslukostnaðar er miðuð við, og hafði sömu tekjur og átti sömu eignir og miðað er við í vísitölugrundvellingum, í:
 - a. tekjuskatt,
 - b. eignarskatt,

- c. tekjuútsvar,
 - d. eignarútsvar,
 - e. almannatryggingagjöld og sjúkrasamlagsgjöld,
 - f. fasteignaskatta,
 - g. samtals í opinber gjöld?
2. Hversu mikið mun hliðstæð fjölskylda greiða í ár af tekjum sínum og eignum samkvæmt nágildandi lögum, í:
- a. tekjuskatt,
 - b. eignarskatt,
 - c. útsvar,
 - d. fasteignaskatta,
 - e. samtals í opinber gjöld?
3. Hvað mundi breyting heildargjalda hjá vísitölufjölskyldunni (sbr. lið 1 og 2) frá 1971 til 1972 svara til margra vísitölustiga, ef öll þessi gjöld — eins og þau eru áætluð hvort þessara ára — væru reiknuð í grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar?
4. Hversu mikið lækkaði kaupgreiðsluvísitala 1. febrúar s. l. vegna niðurfellingar almannatryggingagjalds og sjúkrasamlagsgjalds?